

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 180/2022**

2022/EES/66/16

frá 10. júní 2022

**um breytingu á VI. viðauka við EES-samninginn (Félagslegt öryggi)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun nr. S11 frá 9. desember 2020 um tilhögun endurgreiðslu vegna framkvæmdar 35. og 41. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun nr. S11 kemur í stað ákvörðunar nr. S9 <sup>(2)</sup>, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn, og ber því að fella hana brott úr samningnum.
- 3) VI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

*1. gr.*

VI. viðauki við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 3.S10 (ákvörðun nr. S10):

„3.S11 **32021 D 0618(01)**: Ákvörðun nr. S11 frá 9. desember 2020 um tilhögun endurgreiðslu vegna framkvæmdar 35. og 41. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 (Stjttð. ESB C 236, 18.6.2021, bls. 4).“

2. Texti liðar 3.S9 (ákvörðun nr. S9) fellur brott.

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar nr. S11, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. júní 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

<sup>(1)</sup> Stjttð. ESB C 236, 18.6.2021, bls. 4.

<sup>(2)</sup> Stjttð. ESB C 279, 27.9.2013, bls. 8.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. júní 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Nicolas von Lingen***

formaður.